

1. Fundur Fagráðs umhverfismála SSNE

Teams fundur, fimmtudaginn 10. febrúar 2022, 10:00-11:30

Mætt: Salbjörg Matthíasdóttir, Guðmundur Sigurðarson, Rut Jónsdóttir, Sveinn Margeirsson, Ottó Elíasson (formaður fagráðs) og Smári Jónas Lúðvíksson starfsmaður SSNE.

Dagskrá

1. Nýr Verkefnastjóri Umhverfismála Kynnir sig.

Smári Jónas kynnti sig og gerði grein fyrir menntun og fyrri störfum.

2. Niðurstaða stjórnar varðandi áhersluverkefni.

Niðurstaða stjórnar í útdeilingu fjármuna í áhersluverkefni var kynnt.

3. Áhersluverkefni tengd umhverfismálum.

Farið var yfir Áhersluverkefni sem tengjast Umhverfismálum og komið inná hlutverk SSNE við vinnslu þeirra.

a. Umhverfismál – Stefnumótun og aðgerðaáætlanir – verkefni SSNE.

Farið var ítarlega yfir þetta verkefni og rætt hvernig gott væri að hafa næstu skref.

Landnotkun

Lagt var upp með að fara í samstarf við Landgræðsluna, Skógræktina og RML þar sem væri gerð stutt greinargerð um stöðu landshlutans og hvað er til af gögnum. Útbúin verði aðgerðaráætlun þar sem sett verða upp verkefni og aðgerðir sem sveitafélögin geta farið í til að sporna við losun kolefnis úr jarðvegi (jarðvegsrof og Framræsing votlendis) og farið í bindingu kolefnis (skógræktar) í eigin landi. Ekki er lagt upp með að verkefnið sé tæmandi heldur fyrstu skref í frekari vinnu. Markmið er sett á að hafnar verði framkvæmdir við verkefni í Aðgerðaáætlun fyrir lok árs 2022.

- Sveitafélögin fara yfir hvað er til af framræstu landi á þeirra vegum og fara í endurheimt á því votlendi sem ekki er í “notkun”. Ef gerður verður samstarfssamningur við Landgræðsluna þá má ekki hrufla við þeirri endurheimt næstu 20 ár.
- SSNE/Sveitafélögin fara svo í fræðsluáttak og hvetja landeigendur til að fara yfir sín mál og endurheimta ónotað framræst land í sinni eigu. Skoða þarf hvort hægt sé að koma á hvötum til að hraða þessu ferli. Mikilvægur punktur í þessari fræðslu þyrfti að snúast um meira en bara kolefni, því með þessari aðgerð er líka verið að endurheimta vistkerfi.

Hvað varðar aðra landnotkun og losun frá landi er gott að taka saman hvar landshlutinn stendur í samstarfi við RML sem eiga orðið mikið af gögnum af losun frá landbúnaði. Skógræktin er með tölur varðandi bindingu með skógrækt. En um losun frá rofnu landi og auðnum er minna vitað, en losunin er mjög aðstæðubundin og dreifni í losunartölum er mikil. Unnið er að rannsóknum hjá Landgræðslunni hvað þetta varðar. Í raun er engin

losun frá auðnum en þar liggja útreikningarnir í því hvað það land gæti mögulega bundið ef það væri grætt upp.

Orkuskipti

Það er ekki ljóst hverjir gegna hvaða hlutverkum þegar kemur að orkuskiptum á svæðinu. Þau mál sem eru brýnust snúa annars vegar að

- a) Bættri orkunýtingu, þetta á við víða, bæði á orkuvinnslusvæðum, en líka í allra handa ferlum þar sem orka er nýtt.
- b) Orkuskipti í samgöngum. Hér þarf að hefja samtali við hagsmunaaðila um hvaða verkefni standa fyrir þrifum og hver gegnir hvaða hlutverki.

Formanni var falið að hefja samtali við Orkustofnun um hver hlutverk hagsmunaaðila á svæðinu eru/geta verið í Orkuskiptum

Úrgangsstjórnun

Lagt er upp með að stofnaður verði hópur í samráði við Umhverfisstofnun- og Samband Íslenskra Sveitarfélaga þar sem eftirfarandi þættir verða teknir til skoðunar:

- a) Unnið verður að því að draga úr úrgangsmýndun. Þetta má gera með:
 - i. Fræðslu um flokkun og neyslu og innkaup (sbr. vinnu hjá Vistorku)
 - ii. Aukinni áherslu á staðbundna hringrás aðfanga.
 - iii. Beina sérstaklega sjónum opinberra aðila (sveitarstjórnun og opinberum stofnunum) að því að beita innkaupastefnu sinni sem stjórnæki í umhverfismálum. Þetta er sennilega áhrifaríkasta einstaka leiðin sem hægt er að beita.
- b) Skilvirkri vinnslu og hringrásun á lífrænum úrgangi sem fellur til á svæðinu.

b. Fræðsluáætlun varðandi umhverfis- og loftlagsmál – Þekkingarnet Þingeyinga og Símei.

Farið var stuttlega yfir verkefnið og bentu fundarmenn á stofnanir sem búa að fræðsluefni í Umhverfismálum.

c. Sjálfbær ferðaþjónusta á Norðurlandi - Markaðsstofa Norðurlandi.

Gerð var grein fyrir verkefninu.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál voru tekin til umræðu.